



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 545 6000

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 27. apríl 2016.

Efni: Tillögur að breytingu á lögum nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Að beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis fylgja hér á eftir hugmyndir að breytingum á framangreindum lögum. Tilfni breytinganna er frumvarp til laga um breytingu á tilvitnuðum lögum á þingskjali 1020 – 618. mál.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á einstökum lagagreinum:

2. gr.

Núverandi lagatexti: Nú fellur meira en 80% af heildarframleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis til á Íslandi og skal þá endurgreiðsla reiknast af þeim heildarframleiðslukostnaði sem til fellur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Við greinina bætist ný málsgrein: Ef um erlent kvikmyndaverkefni er að ræða skal heildarframleiðslukostnaður samkvæmt þessari grein innifela allan kostnað viðkomandi kvikmyndar eða sjónvarpsefnis óháð því í hvaða landi kostnaðurinn fellur til.

Skýring: Viðbótinni er ætlað að eyða óvissu um hver teljist heildarframleiðslukostnaður kvikmyndaverkefnis.

Núverandi lagatexti: Með framleiðslukostnaði er átt við allan kostnað sem fellur til hér á landi og heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt ... Laun og verktakagreiðslur teljast eingöngu til framleiðslukostnaðar séu þau sannanlega skattlögð hér á landi.

Framangreind málsgrein breytist og orðist þannig: Með framleiðslukostnaði er átt við allan kostnað sem fellur til hér á landi og heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt. Laun og verktakagreiðslur til erlendra aðila teljast því aðeins til framleiðslukostnaðar að þau hafi réttilega sætt afdrætti skatts í staðgreiðslu.

Skýring: Verið að hmykkja á því að greiðslur til erlendra launþega eða verktaka teljist ekki endurgreiðsluhæfur rekstrarkostnaður nema greiðandi hafi uppfyllt skyldur sínar til að halda skatti eftir í staðgreiðslu af greiðslunum. Í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda eru ákvæði sem skylda fyrirtæki til að halda eftir í staðgreiðslu sköttum af slíkum greiðslum eftir ákveðnum reglum. Sé það ekki gert er eðlilegt að sá kostnaður geti ekki myndað stofn til endurgreiðslu framleiðslukostnaðar. Ekki er lögð sambærileg skylda á kvikmyndaþyrirtæki vegna innlendra verktaka enda er gengið út frá þeirri meginreglu að reikningagerð verktaka sé eðlileg og þeir geri grein fyrir sínum tekjum. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að slíkar verktakagreiðslur séu gefnar upp á launamiðum sem skilað er til rikisskattstjóra í samræmi við reglur. Það er hins vegar ekki unnt að gera slík skil að skilyrði fyrir endurgreiðslu þar sem það getur haft þau áhrif að endurgreiðsla kann að teyfast um allt að einu ári þar sem ekki er unnt að skila verktakamiðum til rikisskattstjóra fyrr en eftir að viðkomandi ári lýkur og opnað hefur veri fyrir slíkar sendingar.

4. gr.

Núverandi lagatexti: c. að stofnað sé sérstakt félag um framleiðsluna á Íslandi; íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið telst sérstakt félag,

Í stað núverandi c liðar komi nýr c liður: að framleiðslan á Íslandi fari fram í sérstöku félagi sem hafi þann eina tilgang að vera framleiðslufélag kvikmynda eða sjónvarpsefnis, og skal einstökum verkefnum haldið aðskildum í bókhaldi og reikningsskilum félagsins; íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið telst sérstakt félag,

Skýring: Lagt til að skylda til að stofna nýtt félag um hvert kvikmyndaverkefni verði felld niður. Þess í stað verði kvikmyndaframleiðendum heimilt að nota sérstakt framleiðslufyrirtæki, sem ekki er nýtt undir aðra starfsemi, oftar en einu sinni. Gerð er krafa um fullan aðskilnað verkefna í bókhaldi og reikningsskilum. Það er mikill aukakostnaður sem fylgir því að stofna félag og síðan að slíta því. Eins er óheppilegt fyrir kvikmyndaframleiðendur að vera sifellt með nýja kennitölu á slíkum félögum.

Núverandi lagatexti: j. að ekki séu fyrir hendi vangreiddir skattar eða gjöld til ríkis eða sveitarfélaga eða aðrar vangoldnar kröfur hér á landi vegna framleiðslunnar,

Lagt er til að j liður verði felldur brott

Skýring: Fjárhagsleg staða kvikmyndaframleiðenda vegna tiltekinna verkefna er oft erfið þegar liður að lokum verkefna og ekki er útilokað að þau lendi í vanskilum. Í stað þess að útiloka félög frá því að fá endurgreiðslu, sem þau hafa þó fengið vilyrði fyrir, vegna vanskila er lagt til að endurgreiðslufjárhæðin verði varið til að greiðslu vangoldinna skatta og annarra gjalda til hins opinbera. Á tímum rafrænna viðskipta á slíkt ekki að vera vandkvæðum bundið. Lagt er til að heimild til greiðslu vangoldinna opinberra gjalda verði aukið við 5. gr. laganna, sbr. hér síðar.

Lagt er til að krafa um að ekki séu til staðar aðrar vangoldnar kröfur verði felld niður þar sem slíkt ákvæði gengur ekki upp, enda hefur í flestum tilvikum verið horft framhjá því. Ef fyrirtæki á kröfu á endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessara laga og viðkomandi kvikmyndaverkefni hefur verið reikningsfært á kostnaðarverði til rétthafa hlýtur að vera skuld við einhvern aðila á móti endurgreiðslukröfunni.

5. gr.

Núverandi lagatexti: Hlutfall endurgreidds framleiðslukostnaðar skal vera 2025% af framleiðslukostnaði skv. 2. gr.

Beiðni um útborgun skal send ~~ráðuneytinu~~ ~~nefnd um endurgreiðslur.~~ ~~Ráðherra~~ *Nefnd um endurgreiðslur* ákvarðar endurgreiðslu skv. 3. gr. Berist beiðnin eftir að sex mánuðir hafa liðið frá lokum framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis skal hafna henni. Skilyrði endurgreiðslu er að umsækjandi færi bókhald vegna þess kostnaðar sem hann æskir endurgreiðslu á í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga. Framleiðslukostnaður telst allur sá kostnaður sem heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og fellur til hér á landi og eftir atvikum í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 2. mgr. 2. gr. Enn fremur skal stjórn og framkvæmdastjóri umsækjanda staðfesta að kostnaðaruppgjör sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Nemi endurgreiðslan hærrí fjárhæð en 20 milljónum króna skal kostnaðaruppgjör jafnframt vera endurskoðað. Í því skyni að staðreyna kostnaðaruppgjör getur nefnd skv. 3. gr. óskað eftir viðeigandi upplýsingum frá skattfyrirvöldum sem og bókhaldi félagsins. Sé kostnaðaruppgjör og/eða fylgigögn þess ófullnægjandi skal nefndin veita umsóknaraðila frest til að skila inn fullnægjandi gögnum. Berist nefndinni ekki fullnægjandi gögn að loknum veittum fresti eða bendi gögn málsins til þess að kostnaðaruppgjör sé ekki í samræmi við ákvæði laga þessara skal hún ~~leggja til við ráðherra að beiðni um endurgreiðslu verði hafnað.~~ *hafna beiðni um endurgreiðslu.*

Lagt er til að 5. gr. hér að framan verði skipt í eftirfarandi málsgreinar með nokkrum viðbótum og orðalagsbreytingum:

Hlutfall endurgreidds framleiðslukostnaðar skal vera 2025% af framleiðslukostnaði skv. 2. gr.

Beiðni um útborgun skal send ~~ráðuneytinu~~ *nefnd um endurgreiðslur*. ~~Ráðherra~~ *Nefnd um endurgreiðslur* ákvarðar endurgreiðslu skv. 3. gr. Berist beiðnin eftir að sex mánuðir hafa liðið frá lokum framleiðslu kvikmyndar eða sjónvarpsefnis skal hafna henni. Skilyrði endurgreiðslu er að umsækjandi færi bókhald vegna þess kostnaðar sem hann æskir endurgreiðslu á í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga.

Framleiðslukostnaður telst allur sá kostnaður sem heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og fellur til hér á landi og eftir atvikum í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 2. mgr. 2. gr. Vegna sérstöðu kvikmyndaframleiðslufyrirtækja skal eftirfarandi framleiðslukostnaður teljast til endurgreiðsluhæfs framleiðslukostnaðar:

- Leiga á tækjum og búnaði frá erlendum aðilum og nýttur er við framleiðslu á Íslandi. Ef leigusali er tengdur aðili skal kvikmyndaframleiðandi leggja fram gögn, sé þess óskað, sem staðfesta að leigufjárhæðir séu eðlilegar og að armslengdarreglan hafi verið virt.
- Aðkeyptrar þjónustu verktaka við framleiðsluna óháð því hvort launamiðum hafi verið skilað.
- Ferðakostnaður starfsmanna til og frá Íslandi vegna vinnu við kvikmyndaverkefni á Íslandi.
- Fæðiskostnaður framleiðslufyrirtækis vegna starfsmanna og/eða verktaka á tökustöðum utan alfaraleiðar.
- Kostnaður við gistingu starfsmanna og verktaka.
- Annar beinn kostnaður vegna leikara, starfsmanna og verktaka svo sem hlífðarfatnaður og teppi án tillits til þess hvort slíkur kostnaður hafi verið talinn til skattskyldra hlunninda hjá viðkomandi einstaklingum.
- Dagpeningagreiðslur enda séu fjárhæðir þeirra ekki umfram viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra.

Stjórn og framkvæmdastjóri umsækjanda skal staðfesta að kostnaðaruppgjör sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Nemi endurgreiðslan hærri fjárhæð en 20 milljónum króna skal kostnaðaruppgjör jafnframt vera endurskoðað.

Í því skyni að staðreyna kostnaðaruppgjör getur nefnd skv. 3. gr. óskað eftir viðeigandi upplýsingum frá skattyfirvöldum sem og bókhaldi félagsins. Sé kostnaðaruppgjör og/eða fylgigögn þess ófullnægjandi skal nefndin veita umsóknaraðila frest til að skila inn fullnægjandi gögnum.

Ef nefnd um endurgreiðslur telur endurgreiðslubeiðni ekki í samræmi við lög og reglur eða upplýsingar ekki fullnægjandi skal hún tilgreina þær fjárhæðir sem að mati hennar uppfylla ekki skilyrði þess að vera stofn til endurgreiðslu. Endurgreiðsla vegna þess hluta framleiðslukostnaðar sem að mati nefndarinnar uppfyllir skilyrði um endurgreiðslu skal þá endurgreiddur að fullu. Umsækjanda um endurgreiðslu er heimilt að skjóta ágreiningi um þann hluta framleiðslukostnaðar sem ekki hefur verið samþykktur sem stofn til endurgreiðslu til yfirsattanefndar í samræmi við ákvæði 6. gr.

Ef umsækjandi er í vanskilum með greiðslu skatta eða annarra gjalda til ríkis eða sveitarfélaga, skal nefnd um endurgreiðslu heimilt að halda eftir af endurgreiðslu fé til greiðslu þeirra skatta og gjalda.

Skýring: *Eðli rekstrar kvikmyndaframleiðslufyrirtækja er annað en hefðbundinna fyrirtækja þar sem rekstur þeirra er tímabundinn og snýst einungis um tiltekið afmarkað verkefni. Þegar því lýkur er enginn rekstur lengur í viðkomandi félagi og hugsanlega aldrei aftur nema viðkomandi aðila taki að sér fleiri kvikmyndaverkefni. Starfstími þessara félaga getur því verið frá því að vera einungis örfáar vikur. Vegna þessa eru yfirleitt ekki gerðir starfssamningar við starfsmenn þar sem þeir geta einungis verið tímabundnir. Þess í stað er nauðsynleg þjónusta keypt af verktökum. Þrátt fyrir að rekstur sé með slíkum hætti þurfa framleiðslufyrirtæki mjög gjarnan að veita þessum aðilum bæði fæði og gistingu. Af hagkvæmnisástæðum og mikils skipulags sem viðhafa verður og ekki sist vegna þess að starfsemi þessara félaga fer gjarnan fram utan alfaraleiðar er lagt til að sett verði inn ákvæði sem tekur af öll tvímæli um að slíkur kostnaður teljist til endurgreiðsluhæfs framleiðslukostnaðar án þess að gerð sé krafa um að möguleg hlunnindi séu gefin upp á launamiðum. Líkja má þessum þætti í*



rekstrinum við tímabundna dvöl manna í verbúðum sem ekki hefur verið talin til skattskyldra hlunninda starfsmanna.

Dagpeningagreiðslur eru framtalsskyldar greiðslur en ef fjárhæðir þeirra er innan viðmiðunarmarka eru þær allmennt ekki skattlagðar hjá móttakendum. Vegna þessa þykir eðlilegt að kostnaður þessi teljist til endurgreiðsluhæfs framleiðslukostnaðar, enda ekki raunhæft eins og bent hefur verið á að mögulegt sé að gera launamiða á viðkomandi aðila. Rétt er einnig að benda á að dagpeningar þessir eru almennt greiddir vegna þess kostnaðar sem erlendir starfsmenn hafa af því að dveljast hér og því má færa góð rök fyrir því að þessum fjármunum hafi verið ráðstafað að fullu hér á landi þar sem ekki fara þessir erlendir aðilar með krónur úr landi.

Ágreiningur hefur verið um það milli kvikmyndaframleiðenda og nefndar um endurgreiðslur hvort leiga á tækjum og búnaði af erlendum leigusölum teljist frádráttarbær rekstrarkostnaður í skilningi laga um tekjuskatt, eða jafnvel hvort slíkur kostnaður teldist veittur erlendis þrátt fyrir að viðkomandi tæki eða búnaður sé sannanlega fluttur til landsins. Lagt er til að þessari óvissu sé eytt með framangreindu ákvæði, en þess um leið gætt að leigugjald fyrir leigumuni sé eðlilegt ef leigt er af tengdum aðila.

Það er von okkar að framangreindar breytingatillögur geti nýst til að gera nauðsynlegar endurbætur á framangreindum lögum.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.